

Fréttapistill frá forseta Íslands

31. maí 2020

Gleðilegan hvítasunnudag, kæru landsmenn. Reglulegur vikupistill um embættisstörfin ber þess blessunarlega merki að verulega hefur dregið úr hömlum á mannamót og alls kyns viðburði. Að því leyti er samfélagið smám saman að færast í eðlilegt horf. Enn má því fagna hversu vel tókst að verjast veirunni hér, þrátt fyrir allan okkar missi og allar þær búsfjar sem ekki sér fyrir endann á.

Hjá embætti forseta Íslands eru nú laus til umsóknar sex sumarstörf fyrir námsmenn og sem tengjast því átaki stjórnvalda að vinna gegn atvinnuleysi í kjölfar farsóttarinnar. Störfin tengjast þremur verkefnum: (1) Könnun á hugmyndum um friðun og framtíðarnýtingu Bessastaðaness; (2) Rannsókn á lífríki Bessastaðatjarnar og Lambhúsatjarnar og lífríki og landfræði Bessastaðaness; og (3) Skráning bókasafns Bessastaða. Hægt er að fá nánari upplýsingar og sækja um störfin hér: Embætti forseta Íslands auglýsir laus til umsóknar þrjú sumarstörf fyrir námsmenn. Nánari upplýsingar má sjá hér:

https://form.vinnumalastofnun.is/sumarstorf/jobslst.aspx?x_fk_employeer_id=2798&z_fk_employeer_id=%3d#jobslst

Á þriðjudaginn var tók ég á móti nemendum 10. bekkjar Hrafnagilsskóla í Eyjafirði. Gaman var að spjalla við þá hressu krakka um Bessastaði, embætti forseta og framtíðaráform þeirra. Drengir í hópnum komu með góða gjöf, eftirlíkingu af Eiffeltúrninum sem þeir hafa unnið að í smíði í vetur. Síðdegis veittist mér sá heiður að ávarpa keppendur og gesti á Stóru upplestrarkeppninni í Hafnarfirði. Fyrsta keppnin af því tagi var haldin í þeim bæ fyrir 24 árum og í áranna rás hafa viðburðir af þessu tagi bæst við víða um landið. Ingibjörg Einarsdóttir hóf leikinn fyrir nær aldarfjórðungi, ber enn hitann og þungann af því að skipuleggja keppnina í Hafnarfirði og á mikinn heiður skilið fyrir þetta frábæra framtak. Sama má segja um keppendur sem eru sjálfum sér, ættmennum og skóla ætíð til sóma. Fróðlegt viðtal við Ingibjörgu má sjá hér: <https://www.hafnarfjordur.is/.../allt-thetta-hofst-i...> Allar upplýsingar um keppnina í Hafnarfirði má sjá hér:

<https://www.fjardarfrettir.is/.../ellen-maria-smari-og...>

Ég óska öllum keppendum, verðlaunahöfum og þeim, sem standa að þessari flottu keppni um land allt, hjartanlega til hamingju.

Síðastliðinn miðvikudag fékk ég í heimsókn káta krakka úr 4. bekk Grundaskóla á Akranesi og sömuleiðis hressa nemendur Námsvers Kópavogsskóla. Námsverið er ætlað nemendum sem eru með frávík í þroska og eiga í erfiðleikum með að nýta sér kennslu í almennum bekk. Í þessum hópi eru líka sigurvegarar, ungt fólk sem þarf að takast á við meiri vanda en gengur og gerist.

Daginn eftir, 28. maí, átti móðir mín áttæðisafmæli og kom fjölskyldan saman til að fagna þeim tímamótum. Kveðju af því tilefni má sjá hér:

<https://www.facebook.com/gudnith2020/posts/1206995279666201>

Eliza var sein fyrir, hún sótti hátíðarviðburð og afhenti verðlaunin „Award of Excellence“. Þau eru veitt fólki í veitingarekstri sem hafa kynnt íslenskt lambakjöt á þeim vettvangi svo eftir er tekið.

Á föstudaginn var sótti ég útskrift hjá Hringsjá, flutti ávarp, afhenti viðurkenningar og naut veitinga með nemendum, kennurum og öðrum gestum. Í Hringsjá hef ég áður komið og þykir mér til þess starfs sem þar er unnið. Staðinn sækir fólk sem fann sig ekki í hefðbundnari skólum eða hafði horfið af vinnumarkaði um skeið. Árangur af starfinu er ótvíræður. Við athöfnina á föstudaginn kom fram að síðustu átta ár hafa um 86% þeirra, sem luku námi hjá Hringsjá, fengið starf eða haldið áfram frekara námi. Í máli mínu minnti ég á mikilvægi vonar og sjálfstrausts, og jafnframt að í öflugum samfélagi eiga allir að fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr, sjálfum sér og öðrum til heilla.

Eftir athöfnina ræddi fréttamaður RÚV við mig um væntanlegt forsetakjör, og var það viðtal hluti af umfjöllun fjölmiðilsins um kosningarnar. Fyrir rétttri viku var í ég sjónvarpsviðtali í Silfrinu og á mánudaginn var ræddi ég við fólkið í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni. Þessi þrjú viðtöl má sjá og hlusta á hér:

<https://www.visir.is/.../-hvada-gagn-er-i-thvi-ad-hafa...>

<https://www.ruv.is/.../snyst-ekki-um-ad-eg-vilji-ekki...>

<https://www.ruv.is/.../forrettindi-ad-fa-ad-kjosa-ser...>

Ég óska ykkur öllum alls velfarnaðar og minni á að frekari fregnir af embættisstörfum má sem fyrr finna á heimasíðunni www.forseti.is.